

Fundur 16.1.2023 Móðir Teresa.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Er ég hér umvafin kærleika og hafa breytingar orðið á mínum högum og fagna ég því mjög að vera komin á nýjan stað í framlífi.

Og er hér frá mörgu að segja en ekki er mér leyft að greina frá því í smá atriðum en var mér ætlað að segja við ykkur nokkur orð og vona ég að mér takist það.

Á þeim stað þar sem ég var áður var mér lífið oft erfitt en er ég nú komin á annan stað og er það hnöttur eins og þið lýstuð fyrir mér og hefur mér hér verið kennt að elska sjálfa mig meira og sinna sjálfri mér betur og heilsunni.

Og held ég að mér hafi tekist betur að sinna öðrum eftir að þau umskipti urðu og hef ég einnig farið að sýna öðrum málefnum áhuga eins og mismunandi stjörnustöðu í geimnum og öðrum nætur himni sem maður sér frá þessari jörð en þeirri sem ég var á áður og öðruvísi nætur sýn en séð var frá jörðinni gömlu.

En er mér þó enn efst í huga Drottinn og trúin á Drottinn og var mér ætlað það að segja ykkur það í kvöld að þótt að Guð vilji aga og tyfta er hann kærleikur og mun hann sýna þeim miskunn sem til hans leita í auðmýkt og trú og er aldrei og seint að iðrast og þarf aðeins að veita honum viðtöku.

Hef ég talað í gegnum annan miðil hjá ykkur og finnst mér það ljúft að skila ykkur þakklæti fyrir þau orð sem þið sögðuð við mig á sínum tíma og hjálpuðuð mér að átta mig á stöðunni.

Og vil ég að vísu ekki fara út í smá atriði þess efnis hvernig ég hvarf af þeim hnetti enda er mér ekki leyft að segja hvað sem er.

En átti ég að bera þessi skilaboð og líður mér hér miklu betur og væri margt hægt að segja frá þessum hnetti en verð ég að láta þetta nægja að sinni en kannski mun ég koma síðar og lýsa þessu betur.

Þakka ég fyrir góðar upplýsingar síðar, nafn mitt er móðir Teresa.

*Já þakka þér fyrir, mig grunaði að þetta væri þú og vertu velkomin aftur.*

Já.

*Gangi þér vel í framlífi.*

Takk fyrir verið þið sæl.

*Takk fyrir blessuð.*